



Leiðbeiningar útgefnar 23. nóvember 2021

Ef upp kemur smit í leik- og grunnskóla eða frístundastarfi og menntaskóla

Bakvakt AHS vegna COVID-19

Ef upp kemur smit í leik- og grunnskóla eða frístundastarfi og menntaskólum hjá sveitarfélaginu og skólastjórnandi þarfnast aðstoðar eða upplýsinga vegna COVID-19 er hægt að hringja í bakvaktarsíma AHS, **547 1122**. Bakvakt AHS er virk alla daga vikunnar.

Einnig er hægt að senda inn fyrirspurnir á netfangið ahs@shs.is. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðunni ahs.is sem er upplýsingasíða almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins vegna COVID-19.

Helstu skref:

- A. Smitrakningarteymi hefur fyrst samband við þann smitaða og ef rakning nær inn í skóla eða frístund er hún áframsend á bakvakt AHS.
 - B. Bakvakt AHS hefur svo samband við skólastjórnanda og hefur undirbúning að rakningu vegna viðkomandi smits í samvinnu við stjórnanda.
 - C. Að rakningu lokinni þurfa skólastjórnendur að upplýsa foreldra/forráðamenn um þá sem þurfa að fara í sóttkví eða smitgát. Stöðluð bréf er að finna á heimasíðunni ahs.is eða í hlekk í tölvupóstum frá bakvakt AHS.
 - D. Að rakningu lokinni senda skólastjórnendur lista yfir þá sem þurfa fara í sóttkví á bakvakt AHS sem skráir nemendur og starfsfólk í gagnagrunn rakningar. Hægt er að nálgast skjalið á heimasíðunni ahs.is eða í hlekk í tölvupóstum frá bakvakt AHS.
- Sniðmát af bréfum vegna sóttkvíar eða smitgátar sem skólastjórnendur senda til foreldra/forráðamanna er hægt að nálgast á íslensku, ensku og pólsku [hér](#).
 - Ef skólastjórnandi fær upplýsingar til sín um smit áður en bakvakt AHS hefur haft samband, t.d. frá starfsmanni eða foreldri/forráðamanni, sem er ekki óalgengt, er skólastjórnanda meira en velkomið að hringja í bakvakt AHS .

Meginreglan er sú að ef upplýsingar um smit berast bakvakt AHS á föstu- eða laugardagskvöldi er skólastjórnandi upplýstur daginn eftir. Ef skólastjórnandi vill fá aðstoð við smitrakningu á þessum tíma er honum velkomið að hafa samband.

Á bakvakt er starfsfólk AHS:

Adda Þóreyjardóttir Smáradóttir, Áslaug Ellen Yngvadóttir, Bjarki Brynjarsson, Harpa Brynjarsdóttir, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og Jón Viðar Matthíasson.

Hafið samband og við aðstoðum

Sími: **547 1122**

Netfang: ahs@shs.is

Heimasíða: ahs.is